

haldi í 18 daga, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Af hálfu verzlunar Halla Þórarins hefur þess verið krafizt, að ákærði greiði henni greinda tékkafjánhæð, kr. 3000.00, og þar sem krafa þessi hefur við rök að styðjast, verður hún tekin til greina að öllu leyti.

Ákærða ber að dæma til að greiða allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns í málinu, Guðjóns Hólm Sigvaldasonar hdl., kr. 250.00.

Rekstur málsins hefur verið vítalaus.

Dómsorð:

Ákærði, Óskar Jón Magnússon, greiði 2000 króna sekt til ríkissjóðs, sem afplánist með varðhaldi í 18 daga, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði greiði kr. 3000.00 til verzlunar Halla Þórarins, hér í bæ.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns í málinu, Guðjóns Hólm Sigvaldasonar hdl., kr. 250.00.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 13. febrúar 1953.

Nr. 157/1952. **Ákærvaldið** (Ragnar Ólafsson)

gegn

Ingvari Guðmundi Oddssyni (Ragnar Jónsson).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómamarar Hæstaréttar.

Sýkna af ákæru um brot á 215. gr. hegningarlaga svo og ákvæðum bifreiðalaga og umferðarlaga.

Dómur Hæstaréttar.

Ekki þykir í ljós leitt, að ákærði eigi refsiverða sök á slysi því, sem í málinu greinir. Ber því að staðfesta héraðsdóminn að niðurstöðu til.

Allur áfrýjunarkostnaður sakarinnar greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 1000.00 til hvors.

Héraðsdómari hefur ekki nema að litlu leyti skráð í þingbók skýrslur vitna og ákærða fyrir dómi, heldur einungis,

að framburðir þeirra hafi verið í samræmi við skýrslur, er lögreglumenn höfðu áður tekið af þessum aðiljum. Sést því ekki, að hve miklu leyti dómarrinn hefur sjálfstætt spurt um sakaratriði. Er þetta aðfinnsluvert, sbr. 18., 73. og 77. gr. laga nr. 27/1951.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Allur áfrýjunarkostnaður sakarinnar greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Ragnars Ólafssonar og Ragnars Jónssonar, kr. 1000.00 til hvors.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 12. júní 1952.

Ár 1952, fimmtudaginn 12. júní, var í sakadómi Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu sakadómarar af fulltrúa hans, Guðmundi Ingva Sigurðssyni, kveðinn upp dómur í málinu nr. 1721/1952: Ákærvaldið gegn Ingvari Guðmundi Oddssyni, sem dómtekið var 9. júní s.l.

Málið er höfðað gegn Ingvari Guðmundi Oddssyni bílstjóra, til heimilis á Faxabraut 16 í Keflavík. Er hann samkvæmt ákæruskjali dómsmálaráðherra ákærður fyrir brot á 215. gr. almennra hegningarlaga nr. 19 frá 1940, og 2. gr. og 3. mgr. 4. gr. umferðarlaga nr. 24 frá 1941, 1. mgr. 27. gr. bifreiðalaga nr. 23 frá 1941. Þykir ákærður hafa brotið nefnd lagaákvæði, með því að aka bílnum Ö 105 vestur Laugaveg hér í bæ þann 24. janúar 1952, án nægjanlegrar aðgæzlu, með þeim afleiðingum, að stúlkubarn, sem kom frá nyrðri gagnstétt Laugavegar á móts við húsið nr. 87 við nefnda götu, lenti fyrir bílnum framanvert hægra megin og varð síðan undir hægra afturhjólí bílsins og beið þegar bana.

Ákærði er sóttur til refsingar samkvæmt 215. gr. hegningarlaganna, 38. gr. bifreiðalaga og 14. gr. umferðarlaga, til réttindasviptingar samkvæmt 1. mgr. 68. gr. hegningarlaga og 39. gr. bifreiðalaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði er fæddur 28. marz 1923 í Keflavík.

Hefur hann sætt kærur og refsingum, sem hér segir:

1948 30/9 Hafnarfjörður. Sátt, 50 kr. sekt fyrir brot gegn bifreiðalögum.
1948 2/10 Reykjavík. Sátt, 50 kr. sekt fyrir ólöglegt bifreiðastæði.

Málavextir eru þessir:

Um kl. 14.45 þann 24. janúar 1952 varð 4 ára telpa, Edda G. S. Guðnadóttir, Laugavegi 81, hér í bæ, undir hægra afturhjólí langferðabílsins Ö 105 á móts við húsið nr. 86 við Laugaveg. Telpa beið þegar bana. Veður var bjart og götur þurrar. Ákærði, sem ók Ö 105 umrætt skipti,

hefur skýrt frá því, að hann hafi ekið bílnum vestur Laugaveg á 18—20 km hraða, miðað við klst. Hafi hann komið af Snorrabraut inn á Laugaveg. Ákærði ók eftir vinstri helmingi götunnar. Hann sá engin börn á götunni. Er ákærði var staddur á móts við veitingahúsið Röðul, fann hann, að hægri afturhjól fór yfir ójöfnu á veginum, en billinn er með tvöföldum hjólum að aftan. Ákærði smádró úr ferð bíls síns og stöðvaði, enda sá hann mann á hlaupum á syðri gangstétt, er veifaði honum. Er ákærði kom út úr bíl sínum, sá hann barn liggja á götunni nokkuð fyrir aftan bilinn og blæddi mjög úr því. Ákærði hljóp í síma og tilkynnti lögreglunni um slysið. Er ákærði kom aftur frá því að hringja, sá hann, að maður hafði tekið barnið upp og bar það upp á syðri gangstétt. Ákærði lét bíl sinn standa óhreyfðan, þar til lögreglan hafði lokið athugunum sínum á slysstað. Ákærði sá ekki barnið fyrir slysið og vissi ekki hvaðan það kom. Ekkert truflaði ákærða við aksturinn og hafði hann athygli óskipta við stjórn bílsins. Ákærði var einn á ferð. Hann veitti því athygli, að nokkrir bílar stóðu við nyrðri gangstétt Laugarvegjar gegnt slysstaðnum.

Samkvæmt vætti sjónarvotta mun bill hafa staðið við nyrðri gangstétt Laugavegar móts við slysstaðinn og annar litlu vestar. Barnið mun hafa hlaupið út á götuna milli bílanna. Vitnið Paul Kofoed Jacobsen, sem sá slysið einna gleggst, segir barnið hafa staðið fast við framenda eystri bílsins. Er framendi Ö 105 var móts við framenda bílsins, er barnið stóð við, hljóp barnið þvert út á götuna og stefndi á hægri hlið Ö 105 og lenti fremst á hægri frambretti Ö 105 og dróst niður með bílnum og hvarf vitninu sjónum, þar sem vitnið stóð á syðri gangstétt, en Ö 105 ekið áfram. Önnur vitni segja telpuna hafa hlaupið á hægri hlið bílsins um miðju eða framan við hægri afturhjól, sem fór að einhverju leyti yfir höfuð barnsins. Öllum ber vitnunum saman um, að ákærði hafi ekið rólega eða á 20—25 km hraða, miðað við klst., og vel á vinstri vegarhelmingi. Eins og þegar hefur verið greint frá, beið telpan bana strax. Hún hlaut mikið höfuðkúpubrot og stórt stykki af heilanum gekk út í gegnum brotið. Vinstra auga gekk út, auk þess var andlitið að öðru leyti meira og minna skaddað.

Hörður Jónsson bifreiðaeftirlitsmaður skoðaði Ö 105 og reyndi í akstri. Hefur hann gefið svofellt vottorð um ástand bílsins: „Hemlar voru reyndir á slysstað á Laugavegi á móts við Röðul. Ók ég bifreiðinni á ca. 25 km hraða og stöðvaðist hún á 2 m færi. Hemlaförin voru greinileg eftir þrjú hjólin, en dauf eftir vinstra afturhjól. Handhemill var í lagi og flauta einnig. Bifreiðin var keðjulaus og engin hálka var á akbrautinni þarna á staðnum. Rúður bílsins voru talsvert hrímaðar, nema framrúður og fremsta rúða í hægri hlið hússins voru ekki hélaðar. Bifreiðin er með stýri í vinstri hlið. Bifreiðin Ö 105 er Ford, smíðað 1947. Breidd 2.25 m. Þyngd 4.198 kg. Farþegarými 30 farþ.“ Bifreiðaeftirlitsmaðurinn skýrði frá því fyrir dómi, að Ö 105 væri hár og breiður, svo að ekki sæist vel út um bilinn til hægri úr bílstjórasætinu, sem er vinstra megin, eins og áður hefur verið greint frá.

Þykir nú nægilega hafa verið gerð grein fyrir því, sem upplýstzt hefur og máli skiptir varðandi slys þetta. Samkvæmt gögnum þessum þykir ljóst, að slysið hafi orðið með þeim hætti, að litla telpan hafi hlaupið fram undan bílnum, er stóð við nyrðri jaðar Laugavegar, á hægri hlið Ö 105 í því að bílnum er ekið framhjá og lent með höfuðið að nokkru leyti undir hægra afturhjóli bílsins og beðið þegar bana. Enn fremur þykja gögn þessi leiða í ljós, að ákærði hafi ekið í alla staði eðlilega og hann hafi ekki, eins og á stóð, haft nokkur tók á því að verða telpunnar var og forða þar með slysi. Lyktir máls þessa verða þær, að sýkna ber ákærða af öllum liðum ákærunnar.

Samkvæmt þessu ber að ákveða, að allur kostnaður sakarinnar greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Tómasar Tómassonar hdl., er þykja hæfilega ákveðin kr. 500.00.

Dómsorð:

Ákærði, Ingvar Guðmundur Oddsson, skal vera sýkn sakar í máli þessu.

Allur kostnaður sakarinnar greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Tómasar Tómassonar hdl., að upphæð krónur 500.00.
